



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

5. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps var haldinn mánudaginn 17. apríl 2023 kl 20.00 í Hvítárdal.

Mættir til fundar, Sigfríð Lárusdóttir formaður, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir aðalmaður, Heimir Sigurðsson aðalmaður.

1. Heilsuvika í Hrunamannahrepp
 - a. Ekki hafa borist hugmyndir frá Ungmennaráði né samráðshóp eldri borgara.
 - b. Umræða um hvernig best sé að kynna Heilsuviku fyrir íbúum og fyrirtækjum sveitafélagsins. Niðurstaðan er sú að best sé að koma auglýsingu í pésann sem fyrst.
 - c. Verkefnaskipting á að koma upplýsingum til formanna íþrótt- og tómstundafélaga sveitafélagsins.
 - d. Reyna að nýta sem mest þekkingu úr heimabyggð og kynna hvaða heilsuefandi tækifæri séu í sveitafélaginu fyrir fyrstu heilsuviku sveitafélagsins.
2. Bréf frá UMFÍ varðandi Upplýsingar um bækling til foreldra um mikilvægi þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi, kynnt. Okkar tillaga er að koma bréfinu á framfæri í pésanum ásamt því að deila bréfi og vefslóðum inná bæklinginn á ýmsum tungumálum á vefsíðu og facebook síðu sveitafélagsins.
3. Farið yfir vinnu stýrihóps barnvæns sveitafélags og hvar verkefnið sé statt.

Fundi slitið kl 21.30